

Ársskýrsla stjórnar Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar lögð fram á ársfundi 21. apríl 2026

Síðasti ársfundur Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar var haldinn 2. apríl 2025. Samkvæmt reglum rannsóknarstofunnar á að halda fund á fyrsta ársfjórðungi, en það tókst ekki vegna anna stjórnarmanna. Fundurinn var boðaður með átta daga fyrirvara í tölvupósti.

Fjárreiður Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar og Starfssjóðs

Um fjárreiður rannsóknarstofunnar og Starfssjóðs, sjá nánar fylgiskjal um rekstur stofunnar á árinu 2025 og Starfssjóðs á árinu 2024.

Fjárhagsstaða rannsóknarstofunnar í árslok 2025 var kr. 850.441 og var rekstur hennar því jákvæður um kr. 543.027 á árinu 2025.

Fjárhagsstaða rannsóknarverkefninsins „Mannréttindi, fjölmennung og trú á tíma loftslagsbreytinga“ sem lauk með málþingi í Eddu var kr. 356.325 í lok árs 2025.

Eigið fé Starfssjóðs í lok árs 2024 var kr. 26.904.674, þar af var óbundinn höfuðstóll kr. 8.342.662. Skv. 4. gr. Skipulagsskrár fyrir Starfssjóð Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands er tilgangur sjóðsins eftirfarandi:

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að hvers konar starfsemi Guðfræðistofnunar Háskóla Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar Guðfræðistofnunar. Auk þess má til nefna fyrirlestrahald og námsstefnur, heimboð erlendra gesta og greiðslu ferðapeninga til kennara guðfræðideildar og hvaðeina, sem verða má að gagni fyrir starfsemi stofnunarinnar á hverjum tíma.

Um fjárreiður rannsóknarstofunnar, sjá nánar fylgiskjal með ársreikningi 2025.

Málstofur og málþing

Eftirfarandi málstofur voru haldnar á vegum Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar veturinn 2025–2026.

- 15. september 2025: Opinn fyrirlestur dr. Haraldar Hreinssonar, lektors við Guðfræði- og trúarbragðafræðideil og Deild faggreinakennslu, með yfirskriftinni „Hver er munurinn á guðfræði og trúarbragðafræði“.
- (24. október 2025: Ráðstefna á vegum MAFTÍL, sjá hér fyrir neðan).

- 14. nóvember 2025: Málþing í samvinnu við Reykjavíkúrprófastsdæmi vestra og Hallgrímskirkju, haldið í Hallgrímskirkju með yfirskriftinni „Frá Níkeu til Hóla: Níkeujátningin 1700 ára“. Þar voru haldin fjögur erindi. Ólafur Haukur Árnason, doktorsnemi við Oxford-háskóla og stundakennari við HÍ, hélt erindið „Ágústínus og Aríusarsinnar: Stjórnsmál, kennisetningar og bókmennning á 4. og 5. öld.“ Dr. Haraldur Hreinsson, lektor við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og á Menntavísindasviði HÍ fjallaði um „Gagnrýni frjálslyndu guðfræðinnar á játningar fornkirkjunnar.“ Erindi sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar, fyrrverandi vígslubiskups í Skálholti, bar yfirskriftina „Níkeujátningin-Messujátning Grallarans.“ Að lokum fjallaði dr. Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor í trúfræði við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ um játningar kirkjunnar í erindi sem hún kallaði „Kirkjan játar. Íslenska þjóðkirkjan og játningarrit hennar.“
- 16. febrúar 2026: Opinn fyrirlestur dr. Sigurjóns Árna Eyjólfsssonar um nýútkomna bók sína, *Abstraktmálverkið. Helgimynd íslenskrar menningar á 20. öld?*, sem tilnefnd var til Viðurkenningar Hagþenkis 2026.
- 9. mars 2026: Opinn fyrirlestur Björns Steinars Sólbergssonar, organista og tónlistarstjóra Hallgrímskirkju undir yfirskriftinni „Starf organistans og tónlistarlífið í Hallgrímskirkju“.
- 23. mars 2026: Opinn fyrirlestur Ólafs Hauks Árnasonar, doktorsnema við Oxford-háskóla og stundakennara við HÍ, sem bar titilinn „Ágústínus, klassísk heimspeki og bókmennning fornaldar“.

Ritröð Guðfræðistofnunar

Tvö hefti Ritraðarinnar komu út á árinu 2025, hefti nr. 60 og 61. Haraldur Hreinsson var ritstjóri allt árið 2025. Með honum í ritnefnd var Arnfríður Guðmundsdóttir. Sólveig Anna Bóasdóttir hefur sagt sig frá setu í ritnefnd og því þarf að fylla sæti þriðja manns í nefndinni.

Rannsóknarverkefnið Mannréttindi, trú og fjölmennning á tíma loftslagsbreytinga (MAFTÍL)

Þverfaglega rannsóknarverkefninu „Mannréttindi, trú og fjölmennning á tíma loftslagsbreytinga“ (MAFTÍL), sem styrkt var af Starfssjóði Guðfræðistofnunar HÍ, lauk formlega með ráðstefnu sem haldin var til heiðurs dr. Sólveigu Önnu Bóasdóttur, prófessor emerítu við Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ, í Eddu 24. október 2025. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Að vingast við sköpunarverkið á tímum loftslagskreppu“. Eftir að Rúnar Már Þorsteinsson setti ráðstefnuna flutti Jaroslav Franc, námsbrautarformaður samskipta og siðfræði við Cyril og Methodus guðfræðiskólann við Palackýháskóla í Olomouc í Tékklandi, kveðju. Eftir það hélt Jacob Erickson frá Trinity College í Dyflinn aðalfyrirlestur undir

yfirskriftinni „All Flesh is Grass: Queer Ecology and the Possibility of Incarnation“. Í fyrri pallborðsumræðum fyrir kaffihlé sem báru yfirskriftina „Interdisciplinary Seminar on Climate Change, Sustainability and Human Rights“ tóku til máls Florian Freitag frá Háskólanum í Duisburg-Essen, Sigríður Guðmarsdóttir prófessor við HÍ, Sigurrós Alice Svöfudóttir, doktorsnemi við HÍ, og Ole Martin Sandberg, nýdoktor við HÍ. Juan Pablo Santangelo við Háskólann í Tarragona brást við umræðunum en hann var tengdur yfir veraldarvefinn. Eftir kaffihlé voru seinni pallborðsumræður undir yfirskriftinni „Umhverfi, sjálfbærni og trú í sögu og samtíð“. Þar tóku til máls Arnfríður Guðmundsdóttir, prófessor við HÍ, Bjarni Karlsson, og Haraldur Hreinsson, lektor við HÍ. Að lokum brást Sólveig Anna Bóasdóttir við fram komnum erindum.

Samstarf við aðrar rannsóknarstofnanir

Sigríður Guðmarsdóttir var styrkþegi hjá rannsóknarstofnuninni Polin Institutet frá 1. september 2025 til 1. mars 2026. Auk þess gegndi hún 10% stöðu hjá rannsóknarstofnuninni Global Center for World Christianity hjá VID háskólanum í Stafangri frá 2021-2025 og er enn leiðbeinandi tveggja doktorsnema þar.

Annað samstarf

Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar

Arnfríður Guðmundsdóttir situr sem fulltrúi Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar í stjórn Stofnunar dr. Sigurbjörns Einarssonar og tók þátt í málþingi á vegum hennar í tilefni af 1700 ára afmæli Níkejátningarinnar undir yfirskriftinni “*How Can We Be One, Holy, Catholic and Apostolic Church?*” 19. júlí á Skálholtshátíð 2025.

Vídalínssjóður Skálholtsskóla

Formaður stjórnar Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar situr í stjórn Vídalínssjóðs Skálholtsskóla. Tilgangur sjóðsins er, skv. stofnskrá hans, að styrkja námskeiðshald í prédikunarfræðum í Skálholti á vegum Guðfræði- og trúarbragðafræðistofnunar og Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar.

Reykjavík, 20. apríl 2026

Jón Ásgeir Sigurvinsson, formaður stjórnar
Rúnar Már Þorsteinsson, meðstjórnandi

